

## Fundur ungmennaráðs 21.10.2015 kl. 20:00

**Mætt: Aníta Rut Gunnarsdóttir (ARG), Eva Rós Sveinsdóttir (ERS), Fríður Finna Sigurðardóttir (FFS), Una Guðlaug Sveinsdóttir (UGS), Hulda María Valgeirsdóttir (HMV), Jón Egill Hafsteinsson (JEH).**

**Forföll: Edda Anika Einarsdóttir**

**Gestur í lið 1: Jón Halldór (JH)**

1. Mál tengd upplýsingaráði.
  - a) Skátablaðið – Hvað viljum við sjá í skátablaðinu, til að ná til sem flestra? Upplýsingaráð gengur út frá því að gefa blaðið út 2 sinnum á ári. JH fer stuttlega yfir síðasta blað og kynnir þær hugmyndir sem að upplýsingaráð hefur um blaðið.
    - a. ARG kom með hugmynd af skátakrossgátu.
    - b. JH kemur með hugmyndir af þema blaðsins – getur t.d. verið útilegur.
    - c. Hugmyndir um efni í blaðið ræddar – JH mun senda lista á ungmennaráð, gjarnan má bæta við.
    - d. Óskað eftir aðkomu ungmennaráðs að greinarskrifum og/eða yfirlestri blaðsins.
    - e. Ábendingar um forsíðumynd má jafnframt senda á JH.
2. RUS.
  - a. Skráning: er enn lítil. Bréf fór út á stjórn og félagsforingja í dag. Þurfum að finna leiðir til að ná til fleiri. Auglýst að skráningu ljúki 1. nóvember.
  - b. Bjarnalaug: komnar upplýsingar með verð. ERS bókar sundlaugina – fær að vita með afbókunarfrest. Athugar með Hawaii kransa í Hafnarfirði.
  - c. Kynningarmál: nú þarf aktívt að fara að ýta á fólk. Fyrst og fremst auglýsa viðburðinn sem það sem hann er – til að hitta aðra skáta á þessum aldri og gera skemmtilega hluti saman. Fá upplýsingar um það sem er í boði í skátastarfi. Tökum mjög góðan slurk núna í viku til að peppa upp skráningu – sjá hvort það þurfi að færa þetta ef fáir koma v. t.d. Airwaves. Útbúa veggspjöld til að senda á félögin – biðja þau að hengja upp hjá sér – stefna á það eftir helgi þegar komin eru svör frá kynningaraðilum.
  - d. Dagskrármál:
    - i. Örkyngingar: Edda setti saman lista (er á fb-síðu ungmennaráðs). FFS bætir við: kynningar á skátamiðstöðvum úti í heimi. HMV leggur til Evrópa unga fólksins. Gæti verið með speed-dating fyrirkomulagi. Sex aðilar komnir á A-lista (reynt að fá þá fyrst). ERS hefur samband við þá.
    - ii. Umræðuhópar: HMV og JEH kynna tillögur að umræðuhópum. Útfærslur verða unnar nánar áfram.
    - iii. Stórleikur: útfærslur á leiknum ræddar.
    - iv. Vinnuhópar: er tengt útkomu umræðuhópanna – unnið áfram með hugmyndir/viðburði sem koma upp þar.
  - e. Einkenni: verður tekin ákvörðun þegar nær dregur og þá keypt inn ef það er niðurstaðan.
3. Önnur mál.
  - a. Adventure scouts: gekk mjög vel þó að það hafi mætt fáir. Þarf að taka ákvörðun um næstu skref.
  - b. Næsti fundur: miðvikudaginn 28. nóvember kl. 20:00.

**Fundi slitið kl. 21:49. Fundargerð ritaði UGS.**